



77. ÍÞRÓTTAÞING ÍSÍ

REYKJAVÍK NATURA

16. – 17. MAÍ 2025

Þingskjal nr. _____

Tillaga um stjórn ÍSÍ Flutningsaðilar: ÍBR, ÍBH, ÍRB, UMSK, KKÍ og SSÍ

77. Íþróttabing ÍSÍ, haldið 16. til 17. maí 2025, á Reykjavík Natura hótél samþykkir að samhliða fækkun í framkvæmdastjórn sambandsins verði kosnir fjórir fulltrúar, tveir af sérsamböndum og tveir af héraðssamböndum/íþróttabandalögum, sem áheyrnafulltrúar í framkvæmdastjórn ÍSÍ með málfrelsi og tillögurétt. Þessir aðilar verði valdir strax að þingi loknu og fái seturétt á fundum strax.

Tillaga um breytingu á 17. grein laga ÍSÍ (aðrir stafliðir haldast óbreyttir):

17. grein – Framkvæmdastjórn

17.1. Í framkvæmdastjórn ÍSÍ eiga sæti:

b) 9 menn einstaklingar kosnir á Íþróttabingi. Kosning fari þannig fram:

1. Forseti
2. 8 meðstjórnendur.

Kosning skal fara þannig fram að kjörtímabil er fjögur ár og skal helmingur meðstjórnenda kjörinn á hverju Íþróttabingi.

d) Í framkvæmdastjórn ÍSÍ skulu sitja fjórir áheyrnafulltrúar með málfrelsi og tillögurétt, tveir frá sérsamböndum og tveir frá íþróttahéraðum. Sambandsaðilar ÍSÍ skulu kjósa þessa fulltrúa innan sinna raða eigi síðar en tveimur vikum eftir Íþróttabing.

f) Ný stjórn tekur til starfa við þingslit Íþróttabings.

Greinagerð:

Mikilvægt er að góð samskipti og upplýsingagjöf séu á milli framkvæmdastjórnar ÍSÍ og grasrótarinnar í hreyfingunni. Á meðan íþróttahreyfingin hefur verið að stækka og eflast virðist sem boðleiðir hafi lengst og upplýsingagjöf þar af leiðandi minnkað. Til að tryggja hraðari framgang mála og efla sambandið á milli sérsambanda, sem reka fræðslu- og afreksstarf annars vegar og íþróttahéraða sem standa að baki öllu barna- og ungmennastarfi í landinu, er mikilvægt að forsvarsmenn þessara sambandsaðila geti stutt við störf framkvæmdastjórnar ÍSÍ. Eins er þessi ráðstöfun líklega til að stytta boðleiðir og efla upplýsingagjöf sem mun leiða til betri samskipta innan hreyfingarinnar.

Vísað til: ☐ Laganefndar ☐ Fjárhagsnefndar ☐ Allsherjarnefndar ☐ Afreksnefndar